



Stjórn SSH 347. fundur

Mánudaginn 1. mars 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Mátsson og Sigurbjörn Hjaltason.

Gunnar Einarsson var fjarverandi.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Efling sveitarstjórnarstigsins - Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir lá erindi frá Flosa Eiríkssyni, formanni nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins, þar sem kynnt er starf nefndarinnar við að meta sameiningarkosti sveitarfélaga í einstökum landshlutum. Jafnframt er kallað er eftir því að sett verði á laggirnar sérstök verkefnisstjórn fyrir höfuðborgarsvæðið sem vinni með sameiningarnefndinni á landsvísu.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur ástæðu til að skoða hvort sett verði á laggirnar verkefnisstjórn sbr. ofanritað og felur framkvæmdastjóra að skoða málið frekar fram að næsta stjórnarfund.

2. Sveitarfélagið Álftanes.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna viðskiptastöðu sveitarfélagsins Álftaness við byggðasamlögin.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með framvindu mál.



3. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna

Formaður gerði grein fyrir vinnufundi sem haldinn var á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga til undirbúnings að yfirtöku sveitarfélaganna við þjónustu við fatlaða um nk. áramót. Jafnframt upplýsti framkvæmdastjóri um samráðsfund sem haldinn var með forsvarsaðilum félagsþjónustu aðildarsveitarfélaganna vegna sama máls.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi með sér náið samstarf og samráð við yfirstandandi undirbúning að yfirtöku verkefnisins, og eðlilegt að stofnaður verði formlegur samráðshópur, skipaður forsvarsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna vegna þessa.

Framkvæmdastjóra falið að kalla hópinn saman.

4. Meðferð stöðvunarbrota

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna úrvinnslu við að koma í framkvæmd afgreiðslum aðildarsveitarfélaganna frá því í júnímánuði á liðnu ári á meðferð stöðvunarbrota skv. 108. grein umferðarlaga.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH lýsir vonbrigðum með þann drátt sem orðið hefur á því að samþykkt aðildarsveitarfélaganna (að Reykjavík undanskilinni) um að fela lögreglu höfuðborgarsvæðsins að annast meðferð stöðvunarbrota komist til framkvæmda.

Stjórn SSH ætlast til þess að málið komist sem fyrst til framkvæmda svo ekki verði frekari dráttur á því að tekist verði við það ófremdarástand sem nú er víða uppi, og ekki verður unað lengur við.

Af hálfu SSH er því alfarið hafnað að úrvinnsla og framkvæmd á samþykkt sveitarfélaganna tefjist vegna yfirstandandi meðferðar á umferðarlögum, enda eru þetta tvö óskyld úrlausnarefni.

5. Önnur mál

a) Erindi Ísaksskóla vegna greiðslna fyrir „utansveitarnemendur“

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi gildandi reglur Sambands Íslenskra sveitarfélaga á kostnaðarþátttöku v. utansveitarnemanda á grunnskólastigi, sbr. bókun á síðasta stjórnarfund.

- Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir málið fyrir næsta stjórnarfund..

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55